

## Stefna Hornafjarðarhafnar 2014 – 2019

Á 155. fundi hafnarstjórnar, sem haldinn var 30. ágúst 2013, var eftirfarandi samþykkt: „*Hafnarstjórn samþykkir að farið verði í stefnumótun og starfsmenn vinni áfram með það að markmiði að hún klárast fyrir nk. áramót.*“ Ekki hefur áður verið farið í stefnumótunarvinnu fyrir Hornafjarðarhöfn, lífæð samfélagsins eins og hún er oft nefnd. Það var mat hafnarstjórnar að mikilvægt væri að farið yrði í þessa vinnu til þess að meta með hagsmunaaðilum hafnarinnar hver staða hennar væri og hvert skyldi stefnt á næstu árum í þjónustu, viðhaldi og uppbyggingu. Þá væri og mikilvægt að kjörnum fulltrúum, sem og íbúum sveitarfélagsins, væri ljós staða hafnarinnar sem þannig auðveldaði alla áætlanagerð til lengri tíma litið.

Að lokinni undirbúningsvinnu starfsmanna og verkefnastjóra var haldinn greiningarfundur þann 12. nóvember 2013 með helstu hagsmunaaðilum, þ.e. útgerðarmönnum, sjómönnum, forsvarsmönnum og eigendum fiskvinnslufyrirtækja, fulltrúum fiskmarkaðar, starfsmönnum hafnarinnar, eigendum þjónustu- og iðnaðarfyrirtækja, starfsmönnum í flutningaþjónustu, eigendum og starfsmönnum ferðaþjónustufyrirtækja og öðrum áhugamönnum um málefni hafnarinnar. Alls sóttu þennan fund 39 karlar og konur og var afrakstur hans góður að mati skipuleggjenda. Ábendingar og tillögur fundarins birtast með margvíslegum hætti í stefnu Hornafjarðarhafnar. Þær eru settar fram sem fylgiskjöl með stefnunni.

Að aflokinni greiningarvinnu var stefnan unnin í samvinnu starfsmanna, verkefnastjóra og hafnarstjórnar. Þeir sem sátu fengu drög að stefnunni til yfirlustrar og gafst þannig tækifæri til að koma með ábendingar.

Í stefnu þessari er horft til áranna 2014 – 2019. Áherslur stefnunnar eru á innsiglinguna til Hafnar og þau svæði hafnarinnar sem nú eru í notkun. Hugmyndir um Faxeyrarhöfn, eins og þær birtast í aðalskipulagi sveitarfélagsins, eru því ekki til umfjöllunar.

Hornafirði 4. febrúar 2014

Fyrir hönd Hafnarstjórnar

Reynir Arnarson, formaður

## 1 Kjörorð Hornafjarðarhafnar


Nafn kaupsins Hafnar, sem til varð í lok 19. aldar, er í góðu samræmi við mikilvægi hafnarinnar. Með sanni má segja að Hornafjarðarhöfn sé lífæð samfélagsins sem lagt hefur grunn að vexti og viðgangi byggðar á Höfn. Öllu skiptir því fyrir samfélagið að áfram þrífist öflugt atvinnulíf við höfnina og að hún þjóni atvinnulífinu af kostgæfni og metnaði.


Hornafjarðarhöfn hefur ekki áður sett sér kjörorð. Í samræmi við tillögur sem fram komu á greiningarfundum hefur hafnarstjórn samþykkt að kjörorð hafnarinnar verði:

### ÖFLUG HÖFN – STERKT SAMFÉLAG

## 2 Fjárhagsleg staða Hornafjarðarhafnar, afli á land og skipakomur

Tekjur, rekstrargjöld og rekstrarniðurstaða Hornafjarðarhafnar á verðlagi ársins 2013 koma fram á mynd 1 og mynd 2 (í þúsundum króna).






Nokkrar sveiflur eru í afkomu hafnarinnar en rekstrarniðurstaðan hefur legið upp á við og aðeins árið 2006 er hún neikvæð. Rekstrarniðurstaða áráanna 2012 og 2013 sker sig verulega úr (mynd 2). Þessi ár var afli töluvert meiri en áráanna á undan og þá voru gerð upp björgunarlaun sem juku tekjur (og gjöld). Gera verður ráð fyrir að sveiflur muni áfram verða í tekjunum. Mest áhrif í þá átt hafa sveiflur í aflaheimildum á uppsjávarfiski, þ.e. síld, loðnu og makríl. Óvissa um aðrar aflaheimildir er einnig til staðar.

Að teknu tilliti til sveiflna í aflaheimildum hornfirskra útgerða og afkomu Hornafjarðarhafnar undanfarin ár, að frádregnum björgunarlaunum, er spáð að árin 2014 – 2019 verði tekjur og útgjöld í samræmi við meðaltal áráanna 2008 – 2013. Árleg rekstrarniðurstaða yrði þá jákvæð um 41 millj. kr. á verðlagi ársins 2013 eða 246 millj. kr. á 6 árum. Telja verður það varlega áætlað þar sem aflaheimildir hafa fremur verið að aukast á viðmiðunartímabilinu.

Fjárhagsleg staða hafnarinnar hefur verið að styrkjast undanfarin ár. Höfnin hefur náð að greiða niður skuldir við lánastofnanir, sbr. mynd 3. Námu þær skuldir kr. 24,7 millj. kr. árið 2013. Þegar horft er til rekstrarniðurstöðu og skuldastöðu er svigrúm hafnarinnar til framkvæmda nokkuð gott.



### Afli á land í Hornafjarðarhöfn 2008 – 2013 samkvæmt gálfvef Fiskistofu


2008	71.549 tonn	2009	62.017 tonn
2010	54.077 tonn	2011	63.320 tonn
2012	79.152 tonn	2013	75.835 tonn

### Komur vöruflutninga-, farþega- og olíuskipa til Hornafjarðar 2004 - 2013

2004	60 skip	2005	70 skip	2006	63 skip
2007	61 skip	2008	62 skip	2009	65 skip
2010	71 skip	2011	79 skip	2012	84 skip
2013	77 skip				

## 3 Skipurit Hornafjarðarhafnar

Skipurit hafnarinnar hefur tekið litlum breytingum um áratuga skeið. Hafnarstjórn leggur helstu línur og samþykkir tillögur um framkvæmdir. Þær samþykktir fara til afgreiðslu í bæjarstjórn sem ber lokaábyrgð á ákvörðunum hafnarstjórnar með sama hætti og annarra nefnda sveitarfélagsins. Bæjarstjóri og forstöðumaður hafnarinnar bera ábyrgð á að samþykktar tillögur komi til framkvæmda. Ekki er gert ráð fyrir í þessari stefnumótun að gerðar verði breytingar á skipuritinu.



#### 4 Stefna Hornafjarðarhafnar og gildi

Hafnarstjórn hefur samþykkt að Hornafjarðarhöfn setji sér gildi til að vinna eftir. Þau gildi eru:

#### ÖRYGGI – ÞJÓNUSTA – REYNSLA – ÞEKking

Í stefnu Hornafjarðarhafnar er áhersla lögð á að höfnin verði þekkt fyrir góða þjónustu, að hún verði eftirsóknarverð af sæfarendum sem og þeim sem koma af landi og þurfa á þjónustu að halda.

#### Stefnumið:

- Á árinu 2014 fari fram mat á ástandi hafnarmannvirkja og aðliggjandi svæðum. Lagðar verði fram tillögur um úrbætur á innsiglingarmerkjum, rafmagnsmálum, landtengingum og unnið gegn strandrofi. Farið verði vandlega yfir hreinlætismál og frárennsli í höfnina og settar fram tillögur um úrbætur. Húsnæði og þau tæki sem höfnin notar vegna starfsemi sinnar verði tekin til skoðunar og lagt mat á nauðsynlegar úrbætur. Unnar verði tillögur að skipulagi

hafnarinnar og nærsvæðis þar sem m.a. verði lögð áhersla á akstursleiðir um höfnina, bílastæði og svæði fyrir gangandi vegfarendur. Lagðar verði fram tillögur um ný hafnarmannvirki. Unnar verði áætlanir um dælingu næstu ára með það að markmiði að viðmiðunardýpi verði ávallt tryggt. Áætla skal kostnað við framangreindar endurbætur og breytingar. Í lok árs 2014 skal liggja fyrir áætlun um forgangsröðun og verktíma.

Ábyrgð: hafnarstjórn, hafnarstjóri.

- Lögð er áhersla á að rannsóknnum á Grynnslunum verði lokið hið fyrsta og í framhaldi af þeim unnin tímasett aðgerðaráætlun. Samhliða vinnu heimamanna þarf að auka þrýsting á landsstjórnina og hafnayfirvöld um að koma með auknum krafti að þessu brýna verkefni. Tillögur að raunhæfum úrbótum liggja fyrir árið 2016 og framkvæmdir hafnar í kjölfarið.  
Ábyrgð: bæjarstjórn, hafnarstjórn, hafnarstjóri.
- Stefnt að því að þjónusta við sæfarendur verði þekkt um land allt. Leitað verði leiða sem laðað gætu að fleiri skip til löndunar, svo sem með löndunarþjónustu og eftirliti með skipum þegar áhöfn er í frí. Bætt verði kynning á höfninni, m.a. með þátttöku í sjávarútvegssýningu og kynningu í fjölmiðlum. Leitað verði samstarfs við þjónustu- og iðnaðarfyrirtæki um kynningu og möguleika þeirra á að þjónusta fiskiskip og áhafnir þeirra. Tillögur skulu liggja fyrir í árslok 2014.  
Ábyrgð: hafnarstjóri og forstöðumaður hafnarinnar.
- Leitað verði leiða til að auka umferð flutninga- og farþegaskipa til Hafnar. Möguleikar á auknum flutningum á jarðefnum verði kannaðir í samstarfi við landeigendur. Farið verði yfir þá þætti sem hamla skipakomum, þ.e. stærð skipa, áætlanir þeirra o.fl. Á þeirri athugun verði byggð áætlun um breytingar sem stuðlað gætu að aukinni umferð þessara skipa. Vinna hefjist 2014.  
Ábyrgð: hafnarstjórn, hafnarstjóri, forstöðumaður hafnarinnar.
- Í lok þess tímabils sem stefnan nær yfir, árin 2014 – 2019, verði til staðar innsigling og höfn sem tekið hefur mælanlegum framförum í öryggi, þjónustu og aðstöðu.  
Ábyrgð: hafnarstjórn.

## 5 Ábyrgð, eftirfylgd, árangursmat og endurskoðun

Hafnarstjórn, í samstarfi við hafnarstjóra og starfsmenn hafnarinnar, ber meginábyrgð á framkvæmd og eftirfylgd stefnunnar. Árlega fer hafnarstjórn yfir stefnuna, safnar upplýsingum um stöðuna og metur árangur af settum stefnumiðum. Dregið verði fram hvað hafi náðst að framkvæma hvert ár, hvort það er í samræmi við stefnuna og hvað þurfi að lagfæra í framkvæmd hennar. Einnig metið hvort breyta skuli stefnunni sjálfri. Leitað verði til hagsmunaaðila um mat þeirra á framfylgd stefnunnar. Staðin verði skil

á árlegri yfirferð hafnarstjórnar með skýrslu sem tekin verði fyrir á fundi bæjarstjórnar í mars ár hvert.

Stefnan skal endurskoðuð eigi síðar en á árinu 2019 með það að markmiði að sett verði ný stefna í árslok og gildi hún fyrir árin 2020 – 2025.

## 6 Niðurlag

Staðsetning Hornafjarðarhafnar gerir stöðu hennar á ýmsan hátt sérstaka þegar horft er til annarra hafna á Íslandi. Þaðan er stutt á fengsæl fiskimið og oft fjöldi fiskiskipa á sjó skamma siglingu frá Höfn. Langt er til næstu hafna við suðurströnd landsins og liggur höfnin vel við þjóðvegakerfinu. Oftast er greiðfært á landi frá Höfn allt árið um kring.

Innsiglingin hefur löngum reynst ákveðinn farartálmi og er enn, einkum þegar horft er til djúpristu skipa, veðurlags og sjávarfalla. Betri og öruggari skip og bætt tækni hafa þó dregið verulega úr þessum annmörkum. Innsiglingin sjálf og innri höfnin takmarka einnig lengd skipa. Þegar inn á höfnina er komið er hins vegar leit að öruggara skipalægi hér á landi. Á Höfn eru öflug þjónustufyrirtæki sem auðveldlega geta þjónustað skip sem leita þar hafnar.

Skýr sýn bæjarstjórnar á mikilvægi Hornafjarðarhafnar fyrir samfélagið, sem endurspeglast í stefnu þessari, gerir það að verkum að Hornafjarðarhöfn er álitlegur kostur fyrir alla þá sæfarendur sem hana geta nýtt. Bæjarstjórn leggur áherslu á gott samstarf við hafnafirvöld í landinu og ríkisstjórn á hverjum tíma um rannsóknir og framkvæmdir í og við Hornafjarðarhöfn.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar 3. mars 2014.